

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 381/2021

frá 10. desember 2021

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1993 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1994 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Moldóvu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1995 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Georgíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1996 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Serbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽⁴⁾.
- 5) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 20.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 23.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 29.

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10p (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895) í V. viðauka við EES-samninginn:

- „10q. **32021 D 1993:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1993 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 20).
- 10r. **32021 D 1994:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1994 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Moldóvu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 23).
- 10s. **32021 D 1995:** Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1995 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Georgíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 26).
- 10t. **32021 D 1996:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1996 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Serbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 29).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11p (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

- „11q. **32021 D 1993:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1993 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 20).
- 11r. **32021 D 1994:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1994 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Moldóvu og vottorða sem gefin

eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 23).

11s. **32021 D 1995:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1995 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Georgíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 26).

11t. **32021 D 1996:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1996 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Serbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 29).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2021/1993, (ESB) 2021/1994, (ESB) 2021/1995 og (ESB) 2021/1996, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.